

## **5. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna, lögum 3. okt. 1903, um skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og lögum 20. okt. 1913, um stofnun hagstofu Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi 1918).

### **1. gr.**

Dómstjórinn í landsyfirdóminum hefir að byrjunarlaunum 6000 kr. á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 7000 kr.

Yfirdómararnir í sama dómi hafa að byrjunarlaunum 5000 kr., en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 6000 kr.

2. gr.

Skrifstofustjórarnir í stjórnarráðinu hafa að byrjunarlaunum 5000 kr. hver á ári, en launin hækka á hverjum þriggja ára fresti um 200 kr. upp í 6000 kr.

Sömu byrjunarlaun hefir hagstofustjóri, og fara launin hækkandi eftir sama mælikvarða. Konungur veitir embætti hagstofustjóra.

3. gr.

Telja skal launin eftir lögum þessum svo sem lögín hefðu verið í gildi, þá er þeir menn, er nú eru í framangreindum embættum, fengu fyrst veitingu fyrir þeim.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1919.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Dómstjórinn í landsyfirdóminum hefir farið fram á það, fyrir hönd dómendanna í þessum dómi, að stjórnin leggi fyrir næsta þing frumvarp um hækkun launa þeirra. Ráðuneytið hefir eigi sjeð sjer fært að skorast undan þessu, því að ekki verður betur sjeð en að laun þessara embættismanna sjeu óhæfilega lág, í samanburði við laun margra annara embættismanna landsins, en einkum kemur ójöfnuðurinn fram er litið er til launa þeirra, er farið er að greiða hjer svokölluðum einkaembættismönnum, mönnum, sem eru í þjónustu einstakra manna eða einstakra stofnana. Launakjör þessara manna hafa haldist nokkuð í hendur við framþróun atvinnuveganna, en að því er snertir laun embættismanna landsins, þá hafa þau yfirleitt hvorki haldist í hendur við hækkun þá á nauðsynjum öllum, sem orðið hefir á síðari árum, nje heldur hafa þau hækkað í hlutfalli við launahækkun einkaembættismanna. Til samanburðar við árslaun þeirra embættismanna, sem um ræðir í lagafrumvarpi þessu, 3500 kr., að undanteknum launum dómstjórans, sem eru kr. 4800,00, má geta þess, eftir upplýsingum, sem hagstofustjóri hefir fengið, að laun forstöðumanna ýmsra stærri einkafyrirtækja eða stofnana nema frá 6000 kr. til 10000 kr., og sumra langt þar yfir, laun verslunarfulltrúa, bókhaldara við meiri háttar verslanir og fyrirtæki frá 3000 kr. og alt upp í 5000 kr. Launakjör embættismanna kaupstaðanna eru yfirleitt miklu betri en launakjör embættismanna landsins. Af þessu kemur það, að farið er að brydda á því, að duglegir embættismenn vilja ekki una við þau kjör, er landið býður, heldur ganga í þjónustu einstakra manna eða sveitarfélags. Að visu getur landið ekki kept við þau verslunar- eða atvinnufyrirtæki, er best kjör bjóða, en hitt má ekki viðgangast, að launakjör embættismanna landsins sjeu þannig, að vel hæfir menn með góðri verklegri eða bóklegri mentun geti svo að segja alstaðar fengið betri kjör en hjá landinu.

Eftir þessu ætti í raun rjettri að taka laun allra embættismanna og starfsmanna landsins til gagngerðrar ihugunar, eins og gert hefir verið ráð

fyrir, og það verður eflaust gert innan skamms, þótt stjórninni hafi ekki enn unnist tími til að gera úr garði frumvarp til svo viðtækra laga. En það hefir ekki þótt rjett að vísa tilmælum dómendanna í landsyfirdóminum á bug fyrir þá sök, að hætur á launakjörum þeirra verði að biða eftir almennum launalögum, enda sjerstök ástæða til að taka tilmæli þessi til greina, með því að þessir embættismenn hafa fengið ádrátt um launabót hjá sjálfu þinginu, sbr. nefndarálit Nd. um stjórnarskrármálið 1913, Alþt. 1913. B, bls. 933. Þar er það tekið fram, að æskilegt sje, að embættismenn þessir hafi ekki önnur störf á hendi en dómstörfin, og komi þar á móti, að embættunum sjeu lögð svo rifleg laun, að þau að þessu leyti sjeu virðuleg og eftirsóknarverð. Í sambandi við þessa skoðun þingsins stendur stjórnarskrárákvæðið um, að þeir megi ekki eiga sæli á þinginu.

Það hefir þótt rjett að taka og upp í þetta frumvarp ákvæði um launahækkun handa skrifstofustjórunum í stjórnarráðinu.

Það ræður að líkindum, að nauðsynlegt er, að laun þau, er þessum embættum eru lögð, sjeu þannig, að embættin þyki eftirsóknarverð hinum hæfustu mönnum, hvort eru lögfræðingar eða aðrir. Það þótti áður mikið undir því komið, að embættismenn þessir væru sjerlega hæfir menn, en nú er þörf þessa orðin enn meiri, síðan landritaraembættið var lagt niður. Að visu hefir ráðherrum verið fjölgað og að því leyti aukist kraftar stjórnarráðsins. En alstaðar hvílir framkvæmd stjórnarstarfanna, að því er til landsstjórnarinnar kemur, að miklu leyti á forstöðumönnum stjórnardeildanna, hvort þeir eru nú kallaðir departementschef, expeditiionschef, bureauchef eða hvað annað, og ekki sist í löndum, þar er tíð eru ráðherraskifti. Nú eru hjer óvenjulega tíð ráðherraskifti, svo að framkvæmdarstjórnin hlýtur því fremur að vera í höndum forstöðumanna stjórnardeildanna hjer, og eftirlitið engu síður en önnur framkvæmdarstörf, sjerstaklega í landi, þar er engir sjerstakir eftirlitsmenn eru til, svo sem amtmenn. Auk þess verður hjer eftir krafist meira af skrifstofustjórunum en áður um undirbúning mála, er leggja á fyrir Alþingi. Hagstofustjórnin hefir enn farið fram á það, að hann verði settur að öllu leyti jafnhliða skrifstofustjórunum í stjórnarráðinu, og má telja það rjett og sanngjarnt, enda er það í fullu samræmi við venjuna erlendis. Því eru embættislaun hans ákveðin hjer hin sömu sem skrifstofustjórunna.

Um hinar einstöku greinar athugast:

#### Um 1. gr.

Launin eru sett þau sömu, er nefnd sú, er í efri deild fjallaði um skiftingu bæjarfógetaembættisins í Reykjavík 1917, lagði til að veitt væru dómendunum í yfirdóminum. Að eins eru launin hjer látin hækka 3. hvert ár, í staðinn fyrir 2. hvert ár, og verða meðallaun þá lítið eitt lægri. Virðist launin ekki mega lægri vera, en á hinn bóginn við sæmandi.

#### Um 2. gr.

Laun skrifstofustjórunna og hagstofustjóra eru sett hjer eins og yfirdómaranna, og hefir ekki þótt næg ástæða til að setja launin hærri, þótt reyndar hefðu þau fremur átt að vera eins og laun dómstjóra, ef farið væri að erlendum síð.

### Um 3. gr.

Það hefir þótt rjett að telja til hækkunar á laununum þau ár, er embættismenn hafa verið í embættum sínum, þó að því er hagstofustjóra snertir að eins frá þeim tíma, er hann væntanlega fær konungsveitingu.

Aukið gjald úr landssjóði yrði þegar á þessu fjárhagstímabili 11600 krónur, að frádræginni dýrtíðaruppbót á núverandi launum, nefnilega þannig:

	Laun eftir frumv.	Laun nú.	Aukning.
Kristján Jónsson, dómstjóri (skipaður $^{13}/_3$ 1912)	6400 kr.	4800 kr.	1600 kr.
Halldór Danielsson, yfirdómari (sk. $^{19}/_{11}$ 1908)	5600 —	3500 —	2100 —
Eggert Briem, yfirdómari (sk. $^{20}/_9$ 1915) . . .	5200 —	3500 —	1700 —
Guðmundur Sveinbjörnsson, skrifst.stj. ( $^{20}/_9$ 1915)	5200 —	3500 —	1700 —
Oddur Hermannsson, skrifst.stj. (sk. $^{11}/_3$ 1918).	5000 —	3500 —	1500 —
Magnús Guðmundsson, skrifst.stj. (sk. $^{18}/_3$ 1918).	5000 —	3500 —	1500 —
Þorsteinn Þorsteinsson, hagst.stj. . . . .	5000 —	3500 —	1500 —
			<u>11600 kr.</u>

að frádrægnum dýrtíðaruppbótum á laununum, eða 11600 kr. ÷ 3150 kr. = 8450 kr. Ef bygt er á útreikningi og áætlun millipinganefndar þeirrar, er skipuð var með konungsúrskurði 9. des. 1914 í eftirlaunamálið og launamálið, þá ættu meðalárslaun háyfirdómara að nema um 6500 kr. og hinna embættismannanna um 5500 kr., eða aukningin þá að meðaltali árlega um 10700 kr., ef ekki er gert ráð fyrir dýrtíðaruppbót eða launaviðbót til bráðabirgða.

Til samanburðar má geta þess, að samkvæmt nýjum lögum (frá 1917) eru í Noregi árslaun dómstjóra yfirdóms 8000 kr. og yfirdómenda 7000 kr., en laun forstöðumanna stjórnardeilda og hagstofustjóra 8000 kr.